



SPÁKONUFELLSHÖFÐI Fuglaskoðun og útivist

Umsókn í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða
Október 2020

Arkitektónískt kennileiti og ímyndunarsköpun


Sótt er um styrk til þess að hanna fuglaskoðunarhús á Spákonufellshöfða sem og að bæta aðgengi og stíga á höfðanum. Höfðinn er fólkvangur og náttúruperla með ríkt fuglalíf. Sveitarfélagið Skagatrönd hefur áhuga á að reisa byggingu sem ekki einungis ýtir undir þekkingarsköpun og fuglarannsóknir, en hefur einnig það mikilvæga hlutverk að vera nýtt kennileiti fyrir sveitarfélagið. Húsið verður hannað með hugmyndafræði “vöggju til vöggju” að leiðarljósi, þannig að hægt sé að taka bygginguna niður, færa náttúruna í samt horf og endurnýta byggingarefnin. Arkitektúrinn er fallegur, vandaður, endingargóður og fellur vel að umhverfinu. Hægt verður að reisa húsið án stórra vinnuvéla til þess að koma í veg fyrir rask á náttúrunni.

Skagatrönd er sjávarþorp þar sem fiskveiðar fara dvínandi er togararnir færa sig til stærri hafna. Bærinn býður þó einnig upp á menningarlíf og fagra náttúru. Fuglahúsið verður liður í að laða að fleiri ferðamenn sem einnig nýta aðra þjónustu í bænum. Notast verður við verktaka úr heimabyggð eins og hægt er í verkefninu.


Íslenskur og endurunninn, sem og vandaður efniviður og sjálfbærar byggingaraðferðir setja húsið á arkitektúrkortið og eru innlegg í þróun og umræðu um vandaðan arkitektúr í náttúru Íslands.




Af hverju fuglaskoðunarhús?



Hringvegurinn
Skagaströnd er í 20
mínútna akstursfjarlægð frá
hringveginum



Af hverju stoppa á Skagaströnd?
Margir missa af Skagastrandar-
afleggjarnum er þeir bruna í
gegnum Blönduós og áfram
hringvegin



Fuglaskoðunarhús
Nýtt kennileiti og
áfangastaður: ný ástæða til
að heimsækja Skagaströnd og
náttúruperlur hennar

Staðsetning



Húsið verður staðsett nálægt sjónum á vestanverðum höfðanum

Yfirlitskort



■ Bílastæði sem þarf að bæta

▼ Nýtt fuglaskoðunarhús
(2 mögulegar staðsetningar)

---- Stígar sem þarfnast viðhalds

□ Upplifanir og upplýsingar



Spákonufellshöfði úr lofti

Prógram

Lítið hús þar sem hægt er að sitja, bíða færis, fylgjast með og ljósmynda fuglana. Inni eru borð og sæti svo hægt sé að skrifa, kortleggja, borða og hvíla sig. Óeinangrað, óupphitað en þó hægt að loka algerlega, sérstaklega á veturna, til að verja húsið gegn veðri og vætu.

Mikróklíma

Gert er ráð fyrir að húsið geti einnig þjónað göngufólki og heimamönnum sem nestisstaður inni eða úti við húsið. Því er mikilvægt að búa til svæði í skjóli og sól svo hægt sé að vera sem mest úti í skjóli frá veðri og vindum.


Ábyrg ferðamennska

Engin mengun, ekkert rusl með hjálp ferðamanna sem ekki mega skilja neitt eftir sig á staðnum.

Samfélag

Mikilvægt er að íbúar Skagastrandar séu ánægðir með húsið og standa vörð bæði um

Fuglaskoðunarhús



náttúruna, fuglalífið og húsið sjálft. Þess vegna er mikilvægt að greina notkunina vel og tala við heimamenn í upphafi verkefnis.

Efniviður

Fyrir íslenskar aðstæður, nútímalegt, nýskapandi, sjálfbært. Eitthvað sem vekur athygli en fellur líka vel að náttúrunni. Létt efni sem auðvelt er að flytja á staðinn, t.a.m. viður.

Byggingaraðferðir

Húsið verður hannað svo hægt sé að skilja það að (e. design for disassembly), endurvinna efniviðinn og færa náttúruna í samt horf.

Jöfnun á umhverfisáhrifum

Þó óskandi væri er erfitt að gera hús sem ekki hefur áhrif á umhverfið. Samhliða þessu verkefni er hægt að koma á samstarfi um jöfnun á umhverfisáhrifum, svo hægt sé sjá og greiða fyrir kolefnissporið með peningum í þar til gerðan sjóð eða sjálfböðavinnu í t.a.m. landgræðslu á Íslandi.

Athugið að myndin er eingöngu díagrammatísk og er ekki að marka form eða útlit hússins en það hefur ekki verið próað á þessu stigi.

Íslenskur og endurunninn efniviður

Fiskikeraklæðning



Arkitektastofan ESJA hefur verið að þróa klæðningu úr fiskikerum, en þau eru að öðrum kosti hökkuð og sett í landfyllingu þegar ekki er hægt að nota þau lengur. Slík klæðning er bæði mjög endingargóð, og einnig viðeigandi tilvísun í sjávarútveginn sem á sér ríka sögu á Skagatrönd.

Greni




Burðarvirki úr íslensku sitkagreni

Ösp



Innanhússklæðning úr íslenskri ösp

Hringlaga hagkerfi





Fuglaskoðunarhús á Spákonufellshöfða er hugsað sem nýtt kennileiti fyrir Skagatrönd: bygging sem er falleg, sjálfbær og áhugaverð heim að sækja fyrir fuglafræðinga, Skagstrendinga og ferðafólk. Endurbætur á stígum og aðkomu munu bæta aðstöðu ferðafólks, sem og vernda þá dýrmætu náttúru sem Spákonufellshöfði hefur upp á að bjóða.